

A group of people, including children in high-visibility vests and an adult in a red jacket, are standing on a dark, rocky beach. The ocean is visible in the background, and the sky is clear. The text is overlaid on the image.

Strandheimar Velliðan - Sköpun - Virðing

Heilsueflandi leikskóli og skóli á grænni grein

Um leikskólann

- **Leikskólinn Strandheimar** er starfræktur á tveimur starfsstöðum, **Brimveri á Eyrarbakka** og **Æskukoti á Stokkseyri**.
- Leikskólinn er fjögurra deilda og eru eldri og yngri deild í sitthvorri starfsstöðinni.
- Í leikskólanum er pláss fyrir allt að 64 börn og í dag eru starfandi 24 starfsmenn, þar af leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, verkefnastjóri og tveir aðstoðarmatráðar.



Sagan okkar

- Leikskólarnir Brimver á Eyrarbakka (1975) og Æskukot á Stokkseyri (1983) voru sameinaðir í einn leikskóla, Heilsuleikskólann Brimver/Æskukot, árið 2011.
- Leikskólinn starfaði eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur allt til haustsins 2022 og bar titilinn Heilsuleikskóli fram að því.
- Skólaárið 2021-2022 hófst góð og ígrunduð vinna innan leikskólans í að samþætta stefnur skólans og var sú ákvörðun tekin að hætta með Heilsustefnuna og einblína þess í stað nánar á áherslur og markmið Heilsueflandi leikskóla og Skóla á grænni grein.



Strandheimar

- Vorið 2022 var gerð nafnabreyting á heiti leikskólans og ber hann nú eitt nafn í stað tveggja. Nafnið **Strandheimar** vísar til strandlengjunnar sem tengir þorpinn saman og vísar endingin –heimar til fleiri leikskóla í Árborg, en þar eru nú samtals starfræktir sex leikskólar, þar af fimm að meðtöldum Strandheimum sem enda á –heimar; Álfheimar, Goðheimar, Hulduheimar og Jötunheimar.
- Starfsstöðvarnar bera enn sín fyrri heiti, Brimver og Æskukot.




Velliðan - Sköpun - Virðing

- Leiðarljós Strandheima eru *Velliðan - Sköpun - Virðing* og eru þau leiðarvísir að þeim markmiðum sem við viljum að séu gegnum gangandi í leikskólastarfinu og samskiptum innan hans. Það er mikilvægt að stórum sem smáum líði vel, að virðing sé borin fyrir náunganum og að sköpunarkraftur einstaklingsins fái notið sín.
- Það er ósk okkar að börnin:
 - Kynnist leikgleði
 - Öðlist færni í samskiptum
 - Læri að meta hreyfingu, útiveru og þá ánægju sem hvoru tveggja veitir
 - Fái frelsi til sköpunar í leik og starfi
 - Upplifi viðurkenningu og væntumþykju
- Hlutverk kennarans er að vera góð fyrirmynd, grípa tækifærið og vera minnugur þess að leikurinn er námsleið leikskóla.



Velliðan



Sköpun



Virðing



Fjölmenning

Í leikskólanum er öllum tekið jafnt án tillits til:

"hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trú, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á." (Úr 2 gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna).

Öll börn ættu að getað speglað sig og sitt fjölskylduform í leikskólanum.



Málþroski og málörvun

- Markviss málörvun eflir bæði málskilning og orðaforða barnsins og styrkir þar með færni þess í að tjá sig og mynda tengsl við aðra.
- Starfsfólk er meðvitað um:
 - Að það sé fyrirmynd barnanna í framkomu og máli
 - Að nefna athafnir, hluti og tilfinningar í daglegu amstri
 - Bjóða til samræðna með börnunum
 - Stuðla að börnin fái jákvæða upplifun við notkun tungumálsins
 - Mikilvægi bókalesturs, rím og reglna, sögu- og söngstunda

Að örva tal og mál barna
-fyrstu árin

Náðu athygli barnsins fyrst
Farðu niður í augnhæð og náðu athygli barnsins áður en þú byrtjar að tala eða spyrja spurninga. Fyrir ung börn er erfitt að hlusta og gera eitthvað annað samtímis. Nefndu nafn barnsins fyrst til að hvetja það til.

Endurtaktu það sem barnið segir
Herndu einfaldlega eftir því sem barnið þitt segir. Þetta sýnir mjög ungum börnum að þú ert að hlusta á það sem þau segja og mun hvetja þau til að tala meira.

Yktu hjómfall
Talaðu með líflægri röddu og yktu hjómfall og svipbrigði til að ýta undir það sem þú ert að segja. Þannig gefurðu betri viðbendingar um merkingu orðanna sem er mjög gott fyrir barn sem á erfitt með að skilja mál. Þú sýnir líka barninu mikilvægi óyrtra tjáskipta.

Notaðu einfalt mál. Endurtaktu oft
Hafu setningar stuttar. Lýstu hversdagslegum athöfnum. Þegar þú talar um það sem þú ert að gera (ég er að hella í glasið), endurtaktu þá orðin. Það hjálpar barninu að læra ný orð og taka þátt í samtalinu.

Notaðu öll skynfærni til að kenna ný orð
Það er gaman að læra ný orð. Ef þú ert til dæmis að kenna ávaxtaheiti, hvettu þá barnið til að finna lyktina. Önnur hugmynd er að sýnja þekktar vísur og sleppa orði úr sem barnið getur þá fyllt í.

Notaðu spurningar sparlega
Reyndu að spyrja ekki of margra spurninga, sérstaklega þær sem hjóna eins og þú sért stöðugt að prófa barnið. Bestu spurningarnar eru þær sem fá barnið til að hugsa í starð um leið, eins og já eða nei. Of margar spurningar hefta líka flæði í samskiptum.

Útvíkkaðu það sem barnið segir
Talaðu skýrt og bættu einu til tveimur orðum við það sem barnið segir. Ef barnið segir „sjáðu bill“, gætir þú sagt „já sjáðu rauður bill“. Með þessu staðfestirðu að þú hlustadir og togar barnið áfram í málþroskanum.

Börn þurfa oft lengri tíma en fullorðnir til að setja hugsanir sínar í orð. Hafðu í huga að halda augnsambandi meðan þú biður eftir að þau klári setninguna.

Gerðu málið að skemmtun
Leikið ykkur með orð, hjóð og skemmtilegar setningar. Ekki vera hrædd við að tala með skrytni röddu eða segja kjónalega hluti. Ef barnið sér þig leika þér með tungumálið, verðu það líklegri til að gera eigin tilraunir. Mállegar tilraunir eru mikilvægur þáttur í að læra að tala og þar með talið málvillur.

Vertu fyrirmynd í stað þess að gagnryna
Hrósaðu tilraunum barnsins, þó svo útkoman sé ekki fullkomin. Ef barnið gerir málvillu, endurtaktu þá einfaldlega og leiðréttu um leið. Ef barnið segir til dæmis „ég leikaði við strákin“ gætir þú sagt „já, lékstu við strákin!“

Stökku á sýnvarpi og takmarkaðu snuðnotkun
Börn læra ekki tungumálið gegnum sýnvarpið eða spjaldtölvuna. Reyndu að takmarka tækjanotkun og verið þá með barninu þegar slíkt er gert til að setja eigin orð á það sem fram fer.

Velliðan á vinnustað

- Til að stuðla að heilsusamlegu og öruggu umhverfi fyrir börnin okkar hefur leikskólinn það að markmiði að skapa ánægjulegt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsfólk sitt.
- Velliðan starfsfólks skiptir sköpum þegar kemur að líðan barna og foreldra.
- Við leggjum áherslu á jákvæð samskipti sem einkennast af virðingu og vinsemd.
- Símenntun og vettvangsferðir til að efla starfsþróun.
- Starfsmannasamtöl
- Starfsmannafélag og skemmtinefnd
- Gönguhópur hittist hálfsmánaðarlega
- Sælustund á kaffistofum

Fimm leiðir að velliðan



Skipulagsdagar og starfsmannafundir

- Efling, fagmennska og tækifæri til starfþróunar
- Ígrundun og umræða
- Tryggja sameiginlega verkferla og skilning starfsfólks á starfsemi og stefnum leikskólans
- Sjá yfirlit yfir skipulagsdaga og starfsmannafundi á heimasíðu leikskólans





Hugmyndafræðin

- Leikskólinn starfar eftir
 - Lögum um leikskóla
 - Aðalnámskrá leikskóla
 - Menntastefnu Árborgar
- Leikskólastarfið byggist á hugmyndafræði
 - *Skóli á grænni grein*
 - *Heilsueflandi leikskóla á vegum Embættis landlæknis*

Aðalnámskrá leikskóla

- **Aðalnámskrá leikskóla** er rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögunum.
- Aðalnámskráin er reist á sex grunnþáttum menntunar:
 - Læsi
 - Sjálfbærni
 - Heilbrigði og velferð
 - Lýðræði og mannréttindi
 - Jafnrétti
 - Sköpun
- Grunnþættirnir eiga sér stoð í löggjöf fyrir leikskóla og eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólans, samskiptum og skólabrag.
- Þeir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum.



Velferð og hagur barna

- **Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla samkvæmt Aðalnámskrá eru að:**
 - fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
 - veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
 - hlúa að börnum, andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
 - stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
 - leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
 - rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta



Skólanámskrá og starfsáætlun


- Á grunni aðalnámskrár á sérhver leikskóli að móta sína eigin **skólanámskrá**.
- Í skólanámskrá á að gera grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati.
- Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af.
- Leikskólar gera **starfsáætlun** þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans.
- Starfsemi síðasta skólaárs er metin við gerð áætlunarinnar.
- Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðslunefnd kjörin af sveitastjórn tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.



- Metnaður, virðing, vinátta og gleði eru grunngildi menntastefnunnar og eiga að vera sýnileg innan lærdómssamfélagsins.
- Markmið stefnunnar er m.a. að:
 - Nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og að samskipti séu jákvæð
 - Fjölbreyttar námsleiðir, frumkvæði, samvinna og nýsköpun
 - Samvinna og samkennd einkenni skólasamfélagið



Menntastefna Árborgar



Skóli á grænni grein

- Skólar á grænni grein, *grænfánaverkefnið*, er alþjóðlegt umhverfismenntarverkefni sem rekið er af Landvernd á Íslandi.
- Markmið verkefnisins er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur skóla.
- Verkefnið er stærsta umhverfismenntaverkefni í heimi og er haldið úti af samtökunum Foundation for Environmental Education.



Skóli á grænni grein

- Leikskólinn hefur frá árinu 2012 hlotið alþjóðlega viðurkenningu Skóla á grænni grein fyrir góða frammistöðu í menntun til sjálfbærrar þróunar og fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að efla og bæta umhverfismál innan skólans og í nærsamfélaginu.
- Verkefnastjóri heldur utan um starfið og vinnur einnig með umhverfisráði leikskólans sem saman stendur af nemendum í elsta árgangi leikskólans hverju sinni.
- Með umhverfismennt viljum við hugsa vel um heilsu okkar, náttúru og umhverfi, ganga vel um leikskólann, fara vel með efnivið, nýta það sem við getum og skila öðru í endurvinnslu.



Heilsueflandi leikskóli

- Heilsueflandi leikskóla á vegum Embættis landlæknis er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans.
- Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu.
 - Hreyfing
 - Mataræði
 - Geðrækt
 - Öryggi
 - Tannheilsa
 - Fjölskylda
 - Nærsamfélag
 - Starfsfólk
- Leikskólinn vinnur að markmiðum lykilþáttanna allt árið um kring og eru starfshættirir í átt að settum markmiðum endurmetnir reglulega.



Umhverfis- og heilsusáttmáli Strandheima

Umhverfis- og heilsusáttmáli
leikskólans hefur það að markmiði að
börn, foreldrar og starfsfólk læri að
vernda og bera virðingu fyrir heilsu
sinni, náttúrunni og umhverfi.

Lag: Gamli Nói

Texti: Ásgerður Tinna Jónsdóttir

Stefnan hér í leikskólanum

er sem segir hér:

Göngum vel um náttúruna

Virðum bæði tré og runna

Þvo dýr og börn á jörðu

Geti lengi leikið sér

Matur, hreyfing skiptir máli

Fyrir okkur öll

Hoppum, hlaupum, klifrum

Þorðum matinn, þájum

Að gæfa og gleði fylgi okkur

Framtíðin er björt

Verkefnastjóri

Hreyfing, útvera og umhverfismennt

- Áherslur þessa skólaárs:



Áttthagar, landslag og lýðheilsa




Hreyfing og fjölskylda



- Foreldrar eru hvattir til að halda sér upplýstum um starfsemi leikskólans og taka umhverfis- og heilsusáttmála leikskólans sér til fyrirmyndar
- Samverustundir eru gulls ígildi og geta verið í fjölbreyttu formi ef viðkomandi vill stuðla að heilbrigðu líferni
- Það er von okkar að foreldrar vilji tileinka sér viðhorf leikskólans þegar kemur að heilsuefningu og sjálfbærri þróun



Þátttaka foreldra í heilsuefningu og umhverfismennt




- Eflum tengsl milli nemenda, þorpa, leik- og grunnskóla
- Úti- og grenndarnám
- Umhverfismennt
- Hreyfing og sköpun
- Samvinna við nærliggjandi aðila
- 1x í mánuði - Eyrarbakki og Stokkseyri til skiptis
- Uppskeruhátíð í Hallskoti í júní



Þróunarverkefni fyrir elstu nemendur

Vinátta í nærumhverfinu



Lubbi finnur málbein

- Leikskólinn notar Lubbaefnið markvisst í leikskólastarfinu og taka öll börn þátt í svokölluðum Lubbastundum þar sem áhersla er lögð á íslensku máhljóðin.
- Í Lubbastundunum býður Lubbi börnunum í ævintýraferð um Ísland þvert og endilangt í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku máhljóðin.



Matstæki

- Hljóm-2
 - Hljóð- og málvitund 4 til 6 ára
 - Prófpættir eins og rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging
- Orðaskil
 - Málþroskapróf fyrir 1,5 til 3 ára
 - Orðaforði, beygingarkerfi og setningagerð
 - Mælist málþroski barnanna innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra?
- TRAS
 - Skráningarlisti til að fylgjast með máltöku 2 til 5 ára barna.
 - Hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.
 - Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun.





Sérkennsla

- Í lögum um leikskóla segir að á vegum sveitarfélaga skuli vera rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla.
- Sérkennslustjóri sér um að skipuleggja sérkennsluna eftir þörfum hvers einstaklings í samvinnu við deildarstjóra.
- Sérkennsla getur bæði farið fram í hóp eða einstaklingslega. Einstaklingsnámskrár eru gerðar með þeim börnum sem við á.
- Sérkennslustjóri sér um að boða teymisfundi og halda utan um fundargerðir.
- Sérkennslustjóri er í samskiptum við deildarstjóra og leikskólastjóra um málefni sérkennslu.


Samstarf við foreldra

Við upphaf leikskólagöngunnar er hornsteinn lagður að samstarfi foreldra og leikskóla. Foreldrum gefst tækifæri til að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans. Þeir miðla upplýsingum um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið og fá til baka upplýsingar frá leikskólanum. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Framlag foreldra er mikils metið og litið er á þá sem mikilvæga samstarfsaðila.

Aðalmarkmið foreldrasamstarfsins er að eiga traust og opin samskipti við alla foreldra, að foreldrar finni að þeir eru alltaf velkomnir með börnin sín í leikskólann og geti talað við starfsfólk um málefni barnsins og það sem getur haft áhrif á líðan þess. Einnig að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum. Lögð er áhersla á trúnað og traust og opin dagleg samskipti við alla foreldra.



Dagleg samskipti



- Dagleg samskipti við foreldra eru dýrmæt í starfi skólans og eiga að einkennast af ánægju og vilja til samvinnu og samstarfs.
- Tíðust samskipti fara fram þegar foreldrar koma með börnin sín og sækja þau í leikskólann.
- Ef breytingar verða á heimilisaðstæðum barns sem hafa áhrif á líðan þess, er mikilvægt að upplýsa leikskólann um þær svo hægt sé að mæta þörfum barnsins eins vel og unnt er.
- Foreldrum stendur ávallt til boða að fá viðtalstíma við deildarstjóra, leikskólastjóra og sérkennslustjóra óski þeir eftir því.

Samskiptaforritið Vala

Viðveruskráning

Matmálstími og svefn

Tilkynningar

Foreldrar geta skráð frí og veikindi barna sinna í gegnum appið





Formleg samskipti

- Foreldraviðtal við upphaf leikskólagöngu
- Kynningarfundur að hausti – kynning á skólastarfi, skóladagatali og dagskipulagi deilda
- Foreldraviðtöl tvisvar á ári
- Fréttir/tilkynningar eru ýmist settar á heimasíðu leikskólans, á tilkynningatöflur deilda og/eða sendar með tölvupósti
- Opið hús - fjölskyldukaffi tengt þemastarfi, myndlistasýning
- Sumarhátíð
- Útskrift elstu barna


Foreldraráð

- Foreldraráð er lögbundinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjórnendur varðandi innihald, áherslur og skipulag skólastarfsins.
- Foreldraráð skipar stjórn foreldrafélagsins.
- Foreldraráð setur sér starfsreglur og eru fundargerðir sendar fræðslunefnd.
- Hlutverk ráðsins:
 - Fjallar um og gefur umsögn til leikskólans og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið.
 - Fylgist með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum
 - Kemur á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra til skólastjórnenda og skólaneftdar
 - Starfar með skólastjóra að hagsmunum barnanna og leikskólans



Foreldrafélag


- Allir foreldrar eru í foreldrafélagi leikskólans.
- Félagið starfar sem traustur bakhjarl leikskólans og er markmið þess að efla samstarf heimila og leikskóla.
- Félagið gerir eigin starfsáætlun og tekur þátt í vinnu við gerð skóladagatalsins.
- Aðalfundur er haldinn í september ár hvert, sameiginlega fyrir báðar starfsstöðvar.
- Foreldrafélagið hefur m.a. staðið að aðventuhátíðum, jólaföndri, vasaljósiferð í Timburhólaskóg, páskaeggjaleit, kaupum á útskriftargjöfum fyrir útskriftarnemendur og leiksýningum.



- Leikskólinn á í góðu samstarfi við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri
- Elsta árgangi er boðið í Vorskóla BES og í Barnabæ eða þemadaga að vori.
- Börnum í 1.bekk er einnig boðið í heimsókn í gamla leikskólann sinn.
- Skilafundir eru á hverju vori á milli leik- og grunnskóla v. verðandi grunnskólanemenda.



Samstarf við BES



Samstarf milli leikskóla Árborgar

- Góð samvinna á milli leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra leikskólanna
- Fjölmeningarteymi
- Faghópur um samstarf grunn- og leikskóla
- Móttökuáætlun nýliða í leikskólum Árborgar
- Fræðsludagur leikskólanna
- Haustþing
- Þróunarverkefni leikskóla Árborgar *Hvernig má styðja við farsæld barna í leikskóla?*



Skólaþjónusta Árborgar

- Skólaþjónusta Árborgar er sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu.
- Leiðarljós skólaþjónustunnar er að þjóna fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks.
- Þjónustan fer að mestu fram í skólunum en starfsfólkið hefur skrifstofu- og fundaraðstöðu í Ráðhúsi Árborgar.
- Mikil áhersla er lögð á samstarf ýmissa ráðgjafa og fagaðila sem koma að þjónustu við börnin í Árborg.



Farsæld barna

Farsæld barna felur í sér að tryggja aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar samkvæmt nýrri löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.



Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónusta er skipulögð og samfelld þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni.

Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna





Matseðill



Skóladagatal



Almennar
upplýsingar



Fatahólfín



Hafa samband



Farsæld barna

Fréttasafn

Heimasíða leikskólans

- Allar helstu upplýsingar er varða leikskólann eru aðgengilegar á heimasíðunni
- Fréttir og fróðleikur
- www.strandheimar.arborg.is



Skipulagsdagar og starfsmannafundur skólaárið '23-'24

14. ágúst 2023

Samkvæmt leikskóladagatali fyrir skólaárið '23-'24 er leikskólinn lokaður eftirfarandi daga vegna skipulagsdaga: Föstudaginn 18. ágúst Föstudaginn 29. september Miðvikudaginn 22. nóvember Þriðjudaginn 2. janúar Föstudaginn 16. febrúar Mánudaginn 21. maí ...

Sumarkveðja

4. júlí 2023



Við í leikskólanum Strandheimum viljum nota tækifærið og þakka fyrir gott samstarf á liðnu skólaári með von um að sumarleyfið verði öllum heilsuríkt og gott. Sumarleyfið hefst miðvikudaginn 5. júlí ...


Lesið Meira >>

Vinátta í nærumhverfinu – lokadagur í Hallskoti

28. júní 2023



Kynningarfundir fyrir foreldra 6. og 7. september



Takk fyrir
áheyrnina!